

---

## Landmótun fyrir kirkjugarð í hlíðum Úlfarsfells, Reykjavík Ákvörðun um matsáætlun

---

### Inngangur

Þann 30. mars 2017 barst Skipulagsstofnun tillaga Reykjavíkurborgar að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar landmótunar fyrir kirkjugarð í hlíðum Úlfarsfells í Reykjavík, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

### Gögn lögð fram

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Landmótun fyrir kirkjugarð í hlíðum Úlfarsfells. Tillaga að matsáætlun. Reykjavíkurborg og VSÓ Ráðgjöf, mars 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 7. apríl 2017.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 6. apríl 2017.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 18. apríl 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 7. apríl 2017.

Tölvupóstur barst frá Reykjavíkurborg þess efnis að málinu hafi verið vísað til umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar. En Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur tilheyrir því sviði.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 11. apríl 2017.

### Framkvæmd og umhverfisáhrif

#### Framkvæmdalýsing

Í tillögu framkvæmdaraðila kemur fram að í Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 hafi verið afmarkað svæði fyrir kirkjugarð í vesturhlíðum Úlfarsfells í Reykjavík. Til að hægt sé að nýta svæðið til greftrunar þarf Reykjavíkurborg að bæta við jarðvegi á afmörkuðu svæði. Framkvæmd Reykjavíkurborgar feli í sér að móta land fyrir kirkjugarð. Við mótun landsins þarf að haugsetja 570.000 m<sup>3</sup> af ómenguðum jarðvegi sem er hentugur til greftrunar. Meginhluti þess jarðvegs sem haugsettur verður í Úlfarsfelli mun koma af uppbyggingarsvæðinu í Vatnsmýri sem og öðrum uppbyggingarsvæðum borgarinnar.

#### Efnisflutningar og afleidd áhrif þeirra

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að efnið verði flutt með vörubílum sem taki 10-16 m<sup>3</sup> í hverri ferð og sé því um að ræða um 57.000 ferðir á milli efnisstaðar og haugsetningarsvæðis.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir helstu framkvæmdasvæðum þar sem efni verður tekið. Gera þarf grein fyrir því hvernig efnisflutningar dreifast á helstu flutningsleiðir og hver áhrif þeirra munu verða á loftgæði og hljóðvist í nágrenni helstu flutningsleiða. Gera þarf sérstaklega grein fyrir



því hvort og þá til hvaða ráðstafana verði gripið til að koma í veg fyrir að moldarjarðvegur berist á götur frá þeim svæðum þar sem efni verður tekið.

### Rykmyndun við Úlfarsfell

Í tillögunni kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé í vesturhlíðum Úlfarsfells og nái yfir um 220.000 m<sup>2</sup> svæðis. Fyrirhugað sé að haugsetja alls um 610.000 m<sup>3</sup> af efni í Úlfarsfell. Í júní 2016 var Skipulagsstofnun send fyrirspurn um matsskyldu fyrir 40.000 m<sup>3</sup> sem er hluti af fyrsta áfanga verkefnisins. Í matinu er því miðað við 570.000 m<sup>3</sup>.

Í frummatsskýrslu þarf að greina frá því til hvaða ráðstafana verði gripið til þannig að þurr jarðvegur fjúki ekki af framkvæmdasvæðinu yfir nærliggjandi byggð.

### Vatnsbúskapur

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur benti í umsögn sinni að nauðsynlegt væri að huga að því á framkvæmdatíma hvernig fyrirhugað sé að dreyna og flytja vatn burt frá haugssvæðinu en væntanlega þurfi að gera ráðstafanir varðandi þessi atriði áður en svæðið verður tekið í notkun.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir vatnsbúskap á svæðinu, bæði þegar framkvæmdir við landmótun standa yfir og einnig eftir að svæðið er fullfrágengið. Koma þarf fram hvaða ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir að jarðvegi skoli burt af svæðinu á meðan það er ófrágengið.

### Menningarminjar

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á nauðsyn þess að fornleifafræðingur fari á vettvang og skoði svæðið með tilliti til menningarminja.

Skipulagsstofnun tekur undir með Minjastofnun Íslands og bendir á að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir menningarminjum að undangenginni vettvangsathugun fornleifafræðings. Í frummatsskýrslu þarf að sýna á uppdrætti eða loftmynd staðsetningu minja og afstöðu þeirra til fyrirhugaðra framkvæmda. Einnig þarf að gera grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum vegna menningarminja.

### Ásýnd

Ekki er fjallað um möguleg áhrif framkvæmdanna á ásýnd og landslag.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir ásýnd haugsetningarinnar þegar framkvæmdum er lokið. Skipulagsstofnun hvetur til þess að það verði gert á myndrænan hátt þar sem landmótun er lokið og sjá megi svæðið frá mismunandi stöðum. Þá staði skal sýna á korti eða loftmynd.

### Niðurstaða

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Reykjavíkurborgar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir helstu framkvæmdasvæðum þar sem efni verður tekið. Gera þarf grein fyrir því hvernig efnisflutningar dreifast á helstu flutningsleiðir og hver áhrif þeirra muni verða á loftgæði og hljóðvist í nágrenni helstu flutningsleiða. Gera þarf sérstaklega grein fyrir því hvort og þá til hvaða ráðstafana verði gripið til að koma í veg fyrir að moldarjarðvegur sporist á götur af dekkjum vörubíla frá þeim svæðum þar sem efni verður tekið.
2. Í frummatsskýrslu þarf að greina frá því til hvaða ráðstafana verði gripið þannig að þurr jarðvegur fjúki ekki af framkvæmdasvæðinu yfir nærliggjandi byggð.



3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir vatnsbúskap á framkvæmdasvæðinu, bæði þegar framkvæmdir við landmótun standa yfir og einnig eftir að svæðið er fullfrágengið. Koma þarf fram hvaða ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir að jarðvegi skoli niður af svæðinu meðan það er ófrágengið.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir menningarminjum að undangenginni vettvangsathugun fornleifafræðings. Sýna þarf á uppdrætti eða loftmynd staðsetningu minja og afstöðu þeirra til fyrirhugaðra framkvæmda. Einnig þarf að gera grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum vegna menningarminja.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir ásýnd haugsetningarinnar þegar framkvæmdum er lokið. Skipulagsstofnun hvetur til þess að það verði gert á myndrænan hátt þar sem landmótun er lokið og sjá megi svæðið frá mismunandi stöðum. Þá staði skal sýna á korti eða loftmynd.

Skipulagsstofnun telur að þær athuganir/rannsóknir sem ráðist verður í og lagðar eru til grundvallar mati á umhverfisáhrifum á hina mismunandi umhverfisþætti þurfi eftir atvikum að fylgja frummatsskýrslu í viðauka.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 4. maí 2017

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson